

Akraneskaupstaður  
Stillholti 16-18  
300 Akranes

Akraneskaupstaður 

Skjal nr.	Mótt af.	Mótt dags.
1.20.13	MSK	12. JUNI 2018
Ábm.	Úrv. aðili	Málsnr. One
S+A.	AG	1806090

4. júní 2018

## Hækkun framlags launagreiðenda í lífeyrissjóð úr 10% í 11,5% f.o.m. 1. júlí 2018

á grundvelli samnings aðildarfélaganna ASÍ o.fl. og SA

Í kjarasamningi milli aðildarfélaganna ASÍ o.fl. og SA frá 21. janúar 2016 var kveðið á um hækkað mótframlag launagreiðenda í lífeyrissjóð frá og með 1. júlí 2016. **Hækkunin tekur til þeirra sem eru aðilar að framangreindum kjarasamningi, þ.m.t. aðildarsamtök/aðildarfélög Festu lífeyrissjóðs.**

Samið var um þrepaskipta hækkun mótframlags launagreiðenda í lífeyrissjóð og tók fyrsta hækkunin gildi 1. júlí 2016 og hækkaði framlagið þá um 0,5% og varð 8,5%. Framlag launagreiðenda í lífeyrissjóð hækkaði aftur 1. júlí 2017 um 1,5% og varð 10%. Þann 1. júlí 2018 mun svo framlagið hækka um 1,5% og fara í 11,5%.

- **1. júlí 2018: Framlag launagreiðenda hækkar um 1,5% og verður 11,5%.**

### **Frá og með 1. júlí 2018 hækkar því mótframlag launagreiðenda í lífeyrissjóð úr 10% í 11,5%.**

Heildariðgjald í lífeyrissjóð verður því frá og með júlí launum 2018, 15,5% af launum, þ.e. 4% iðgjald launþegans og 11,5% mótframlag frá launagreiðanda.

Með bréfi þessu eru launagreiðendur hvattir til að gera viðeigandi breytingar í launakerfum sínum hið fyrsta.

Áréttað skal að launagreiðandi er, skv. lögum, ábyrgur fyrir skilum á iðgjöldum í lífeyrissjóð.

Nánari upplýsingar veitir Festa lífeyrissjóður í síma 420-2100.

Með kveðju

Festa lífeyrissjóður